

**16. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 14. febrúar
2024
og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jónas Snæbjörnsson (JS), Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Birgitta Guðmundsdóttir (BG), Andrés Páll Ásgeirsson (APÁ) og Trausti Jón Þór Gíslason (TJÞG).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 16 lögmeitan.

Dagskrá:

1. Fyrirspurn vegna rannsóknarverkefnis í leikskólakennarafræðum - 2401075

Erindi frá Agnieszka Aurella Korpak, meistaranema í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands, dags. 19.01.2024 þar sem óskað er eftir samþykki fræðslunefndar fyrir því að haft sé samband við starfsmenn leikskóla og þeim gert kleift, í vinnutíma, að taka þátt í rannsókn vegna lokaverkefnis í meistarnámi í leikskólakennarafræðum.

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að haft sé samband við starfsfólk leikskóla vegna þessa verkefnis og beinir því til umsjónarfólks verkefnisins að hafa samband við skólastjóra vegna þessa.

2. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024 - 2309035

Upplýsingagjöfin lögð fram og rædd.

3. Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði - 2310149

Undirritaður samningur Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga dags. 17.01.2024 um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði.

Mál á dagskrá 628. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.01.2024.
Lagt fram.

4. Framhaldsskólanám á sunnanverðum Vestfjörðum - 2401051

Minnisblað bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps til barna- og menntamálaráðherra dags. 12.01.2024 varðandi framhaldsskólanám á sunnanverðum Vestfjörðum.

Lagt fram.

5. Ákvarðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace í grunnskólastarfi - 2401060

Erindi frá Persónuvernd dags. 11.01.2024 þar sem kynntar eru ákvarðanir Persónuverndar

16. fundur
28.02.2024

um notkun Google Workspace í grunnskólastarfi.

Lagt fram.

Viðað til skoðunar hjá skólastjórnendum í samvinnu við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins.

6. Hvað er góður skóli? Gæðastarf í leik- og grunnskólum á mannamáli - 2402027

Eirndi frá Ásgarði, skólaráðgjafarþjónustu dags. 06.02.2024 þar sem ráðstefnan "Hvað er góður skóli? Gæðastarf í leik- og grunnskólum á mannamáli" er kynnt. Ráðstefnan fer fram í Hofi á Akureyri 12.04.2024.

Lagt fram.

7. Fyrirhuguð úttekt á tónlistarskóla - 2402039

Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu dags. 07.02.2024 þar sem fyrirhuguðu úttekt ráðuneytisins á tónlistarskólum er kynnt.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:14.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)

Andrés Páll Ásgeirsson (APÁ)

Trausti Jón Þór Gíslason (TJPG)